

# GJALDSKRÁ

## um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Austurlands nr. 19/2004.

### 1. gr.

Tímagjöld og gjald vegna rannsókna í 2. grein sem og fyrsta málsgrein verða sem hér segir:

Tímagjald:

kr. 6.600 fyrir hefðbundna starfsemi

kr. 8.580 fyrir tímabundna starfsemi tengda stóriðju og virkjunum

Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun:

kr. 8.800 fyrir hefðbundin sýni

### 2. gr.

3. gr. breytist og verður sem hér segir:

Af starfsleyfis skyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald

kr. 5.500

og auglýsingakostnaður ef við á

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald

kr. 7.700

og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks

ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Starfsleyfi og leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun og veitt eru fyrir tímabundna starfsemi í tengslum við stórframkvæmdir tengdar virkjun, álveri, gangagerð o.þ.h.:

Starfsleyfisgjald

kr. 7.700

og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,

úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Önnur starfsleyfi og leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun, t.d. tóbakssöluleyfi:

Starfsleyfisgjald

kr. 7.700

og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,

ferðar, úttektar og frágangs.

ásamt auglýsingakostnaði ef við á

Fyrir leyfi útgefin vegna sölu á útímörkuðum eða aðra skammtíma starfsemi:

½ leyfisgjald

kr. 3.850

og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks

ásamt auglýsingakostnaði ef við á

3. gr.

Allar upphæðir í viðauka A hækka um 10% til samræmis við hækkun tíma- og sýnatökugjalds.

4. gr.

10. gr. verður sem hér segir:

Gjaldskrá þessi, sem samin er af stjórn Byggðasamlags um heilbrigðiseftirlit og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu.

*Reyðarfirði, 2. desember 2005.*

F. h. heilbrigðisnefndar Austurlands,

**Helga Hreinsdóttir**, framkvæmdastjóri HAUST.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2005